

SAMÞYKKTIR

Fyrir hlutafélagið

Arctica Finance hf.

NAFN, LÖGHEIMILI OG TILGANGUR FÉLAGSINS

1 grein

Félagið er hlutafélag og nafn þess er Arctica Finance hf.

2 grein

Heimili félagsins er að Katrínartúni 2, Reykjavík.

3 grein

Tilgangur félagsins er að veita fjármálaþjónustu og önnur sú starfsemi sem rekin verður í eðlilegum tengslum við hana, í samræmi við gildandi starfsleyfi hverju sinni sem fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Þá er tilgangur félagsins öll önnur starfsemi sem nauðsynleg telst fyrir ofangreindan tilgang.

HLUTAFÉ FÉLAGSINS

4 grein

Hlutafé félagsins skiptist í tvo flokka, A og B flokk. Heildarhlutafé í báðum flokkum er ISK 143.000.000 (krónur eitt hundrað fjörutíu og þrjár milljónir 00/100).

Hlutafé félagsins í A-flokki er ISK 71.500.000 (krónur sjötíu og ein milljón og fimm hundruð þúsund 00/100) og er hver hlutur að nafnverði ISK 1 (krónur ein 00/100) eða margfeldi þar af.

Hlutafé félagsins í B-flokki er ISK 71.500.000 (krónur sjötíu og ein milljón og fimm hundruð þúsund 00/100) og er hver hlutur að nafnverði ISK 1 (krónur ein 00/100) eða margfeldi þar af.

Hlutafé í A-flokki veitir atkvæðisrétt, en hlutafé í B-flokki veitir ekki atkvæðisrétt.

ARTICLES OF ASSOCIATION

For public limited liability company

Arctica Finance hf.

THE NAME, LEGAL DOMICILE AND OBJECT OF THE COMPANY

1 Article

The Company is a public limited liability company and its name is Arctica Finance hf.

2 Article

The Company is domiciled at Katrínartún 2, Reykjavík, Iceland.

3 Article

The object of the Company is to provide financial services and other operations which can be naturally operated in relation thereto, in compliance with active operating license each time as a financial undertaking according to law no. 161/2002, on financial undertakings. Furthermore, the object of the Company is all other operations necessary for the abovementioned object.

THE SHARE CAPITAL OF THE COMPANY

4 Article

The share capital of the Company is divided into 2 (two) categories of classes, Class A and Class B. The total share capital of both categories of classes is ISK 143,000,000 (Icelandic króna one hundred forty three million 00/100).

The Company's share capital in Class A is ISK 71,500,000 (Icelandic króna seventy one million five hundred thousand 00/100) and each share is in nominal value ISK 1 (Icelandic króna one 00/100) or a multiple thereof.

The Company's share capital in Class B is ISK 71,500,000 (Icelandic króna seventy one million five hundred thousand 00/100) and each share is in nominal value ISK 1 (Icelandic króna one 00/100) or a multiple thereof.

Shares in Class A carry voting rights, but shares in Class B do not carry voting rights.

INNLAUSN HLUTA

5 grein

Eigendum hluta í B-flokki er skylt að sæta innlausn hluta sinna, taki stjórn félagsins ákvörðun um innlausn. Engar kvaðir gilda um heimild stjórnar til að taka ákvörðun um innlausn hluta í B-flokki, hvorki varðandi ástæður ákvörðunar né tímasetningu. Innlausn á sér stað af hálfu félagsins og skal ávallt fara fram miðað við nafnverð hluta.

Ef til þess kemur að hluthafafundur félagsins samþykkir samruna við annað félag, skal innlausn hluta í B-flokki eiga sér stað af hálfu félagsins, enda gangi viðkomandi samruni eftir. Við þessar aðstæður skal litið svo á að ákvörðun um samruna feli sjálfkrafa í sér ákvörðun um innlausn. Skal innlausn þá fara fram miðað við nafnverð, nema stjórn félagsins taki ákvörðun um annað í kjölfar þess að samruninn er genginn í gegn að öllu leyti.

HÆKKUN OG LÆKKUN HLUTAFJÁR

6 grein

Heimilt er að hækka hlutafé félagsins með ályktun hluthafafundar og þarf til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum.

Hluthafar hluta í A-flokki skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í A-flokki í hlutfalli við skráða hlutafjäreign sína. Að öðru leyti fer um útgáfu slíkra hluta eftir þeim reglum sem stjórn félagsins setur í samræmi við ákvörðun hluthafafundar hverju sinni.

Hluthafar í A- og B-flokki eiga engan forgangsrétt að nýjum hlutum í B-flokki.

Stjórn félagsins er heimilt að lækka hlutafé félagsins sem nemur fjárhæð innleystra hluta í B-flokki, sem hún hefur ekki ráðstafað til þriðja aðila. Skal stjórn við þessar aðstæður heimilt að gera viðeigandi breytingar á samþykktum þessum vegna slíkrar lækkunar, enda sé skilyrðum laga fullnægt til að framkvæma hlutafjárlækkunina. Að öðru leyti getur hluthafafundur einn ákveðið lækkun hlutafjár.

REDEMPTION OF SHARES

5 Article

The owners of Class B shares are obligated to be subject to redemption of their shares, if the Board of Directors decides to redeem. The Board of Directors' authorization to redeem shares in Class B is not subject to any restriction, such as regarding the reasons or circumstances for such a decision or the timing thereof. Any redemption of shares shall be made by the Company and at the redemption price equal to the nominal value of the shares.

If the Company's shareholders' meeting agrees to the Company's merger with another company, redemption of the Class B shares by the Company shall take place, subject to the merger taking place. In these circumstances, a decision to merge with another company shall automatically include a decision to redeem shares in Class B. The redemption price shall be equal to the nominal value of the shares, unless the Board of Directors decides otherwise following the completion of the merger.

SHARE CAPITAL INCREASE AND DECREASE

6 Article

The Company's share capital may be raised with the approval of a shareholders' meeting with the same amount of votes needed to amend these Articles of Association.

Shareholders of shares in Class A have the priority right of purchase of all new shares in class A in proportion to their registered holdings. In other regard, the issuance of such shares shall follow the rules which the Company's Board of Directors sets in accordance with decisions made by the shareholders' meeting each time.

Shareholders of shares in Classes A and B do not have priority right of purchase of new shares in class B.

The Company's Board of Directors is authorized to reduce the share capital of the Company, for an amount equalling the amount of the redemption of shares in Class B, which it has not disposed of to a third party. The Company's Board of Directors shall in these circumstances be authorized to make appropriate amendments to these Articles of Association resulting from such a reduction,

Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé í A-flokki um allt að 18.500.000 hluti með útgáfu nýrra A-hluta. Hluthafar í A-flokki hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í A-flokki í hlutfalli við skráða hlutafjáreign sína. Stjórn félagsins skal ákveða nánari skilmála áskriftar, s.s. verð, greiðslufresti og vaxtakjör og önnur áskriftarkjör. Hinir nýju hlutir skulu vera í sama A-flokki og bera sömu réttindi og aðrir A-hlutir í félaginu. Heimildin gildir til 31. ágúst 2025, að því leyti sem hún hefur ekki verið nýtt fyrir það tímamark.

Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé í B-flokki um allt að 18.500.000 hluti með útgáfu nýrra B-hluta. Stjórn félagsins skal ákveða hverjum skuli veittur réttur til áskriftar að nýjum hlutum í B-flokki, sem og nánari skilmála áskriftar, s.s. verð, greiðslufresti og vaxtakjör og önnur áskriftarkjör. Hinir nýju hlutir skulu vera í sama B-flokki og bera sömu réttindi og aðrir B-hlutir í félaginu. Heimildin gildir til 31. ágúst 2025, að því leyti sem hún hefur ekki verið nýtt fyrir það tímamark.

provided conditions according to law to execute the share capital reduction have been met with. Otherwise, only a shareholders' meeting may approve a reduction of the share capital.

The Company's Board of Directors is authorized to increase the Company's share capital in Class A by up to 18,500,000 shares by issuing new A-shares. Shareholders of shares in Class A have the priority right of purchase of all new shares in class A in proportion to their registered holdings. The Company's Board of Directors shall decide detailed terms for subscription, such as price, deferrals of payments and interest and other terms of payment. The new shares shall belong to the same Class A and carry the same rights as other A-shares in the Company. This authorisation shall be effective until 31 August 2025, to the extent that it has not been exercised before that date.

The Company's Board of Directors is authorized to increase the Company's share capital in Class B by up to 18,500,000 shares by issuing new B-shares. The Company's Board of Directors shall decide who shall be granted a right to subscribe for new shares in Class B, as well as detailed terms for subscription, such as price, deferrals of payments and interest and other terms of payment. The new shares shall belong to the same Class B and carry the same rights as other B-shares in the Company. This authorisation shall be effective until 31 August 2025, to the extent that it has not been exercised before that date.

HLUTASKRÁ OG EIGENDASKIPTI

7 grein

Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá samkvæmt lögum.

8 grein

Eigendaskipti að hlutum í félaginu öðlast ekki gildi gagnvart því fyrr en stjórn þess hefur verið tilkynnt um það skriflega.

Við hvers kyns eigendaskipti að hlutum í A-flokki eiga aðrir hluthafar í A-flokki forkaupsrétt að þeim hlutum sem til ráðstöfunar eru, í hlutfalli við hlutafjáreign þeirra. Forkaupsréttarhafi hefur tveggja mánaða frest til að beita forkaupsrétti sínum og telst fresturinn frá tilkynningu til stjórnar um væntanlega ráðstöfun hlutanna. Eigendaskipti vegna erfða eða búskipta lúta ekki framangreindum forkaupsréttarreglum.

REGISTER OF SHARES AND CHANGES IN OWNERSHIP

7 Article

The Company's Board of Directors shall keep a register of shares in accordance with laws.

8 Article

Change in ownership of shares in the Company will not enter into force toward the Company until its Board of Directors has been given notice thereof in writing.

Upon any change in ownership of shares in Class A, other shareholders in class A have pre-emptive right of purchase of those shares, in proportion to their holdings. The holder of a pre-emptive right of purchase has two months' respite to exercise his pre-emptive right of purchase, which respite counts as of the time of notice of an offer to the

Hvers kyns eigendaskipti á hlutum í B-flokki eru óheimil án sérstaks fyrirframgefins skriflegs samþykkis stjórnar.

9 grein

Félagið má ekki veita lán út á hluti sína, nema lög leyfi. Hluthafi ber ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu.

EIGIÐ HLUTAFÉ FÉLGSINS

10 grein

Félaginu er heimilt að kaupa eigin hluti að því marki sem lög leyfa. Óheimilt er að neyta atkvæðisréttar fyrir þá hluti sem félagið á.

Hluthafafundur félagsins, haldinn þann 31. ágúst 2020, samþykkir að veita stjórn félagsins heimild til að kaupa/innleysa eigin hluti í A-flokki. Skal fjöldi hluta vera að hámarki 10% af heildarhlutum félagsins og má nýta heimild þessa í einu lagi eða hlutum. Stjórn félagsins ákveður endurgjald fyrir hvern hlut að teknu tilliti til fyrirliggjandi upplýsinga um verð í viðskiptum með hluti í A-flokki eftir því sem við á. Heimild þessi fellur niður innan 5 (fimm) ára frá samþykkt hennar.

HLUTHAFAFUNDIR

11 grein

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögmætra hluthafafunda með þeim takmörkunum sem landslög og samþykktir þessar setja.

12 grein

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok ágúst ár hvert.

Aukafundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða að kröfu hluthafa sem ráða að minnsta kosti 1/20 hluta hlutafjár í félaginu. Skal krafan skriflega gerð og fundarefni tilgreint í fundarboði og fundur boðaður með sannanlegum hætti innan 14 (fjórtán) daga. Ef stjórnin skirrist við að boða til

Board of Directors with regard to the pending disposal of the said shares.

Changes of ownership on account of inheritance or settlement of an estate will not be subject to the aforementioned rules respecting pre-emptive right of purchase.

Any changes in ownership of shares in Class B are unauthorized without the prior written approval of the Company's Board of Directors.

9 Article

The Company may not grant credit against shares in the Company, unless permitted by law. A shareholder is not responsible for the Company's liabilities in excess of his holdings in the Company.

THE COMPANY'S OWN SHARES

10 Article

The Company is authorized to purchase own shares to the limit permitted by law. It is not permissible to exercise voting rights for the shares owned by the Company.

A shareholders meeting of the Company, held on 31 August 2020, authorizes the Company's Board of Directors to acquire/redeem own shares in class A. The maximum number of shares shall be 10% of the Company's total shares and this authorization may be used in one or more parts. The Company's Board of Directors decides the remuneration for each share, taking into account existing information regarding price per share in Class A in the Company, if applicable. This authorization becomes void within 5 (five) years as of its approval.

SHAREHOLDERS' MEETINGS

11 Article

The supreme authority of the Company's affairs is held by lawful shareholders meetings, within the boundaries established by laws and these Articles of Association.

12 Article

An Annual General Meeting shall be held before the end of August each year.

Extraordinary shareholders' meetings shall be held as decided by the Board of Directors or at the request of shareholders controlling a minimum of 1/20 of the share capital in the Company. The request shall be in writing stating the business of

fundar eftir móttöku slíkrar kröfu má leita atbeina stjórnvalda í samræmi við ákvæði laga.

13 grein

Félagsstjórn skal boða til hluthafafunda með tilkynningu til hvers hluthafa í ábyrgðarbréfi, símskeyti, tölvupósti eða á annan jafn sannanlegan hátt. Aðalfund skal boða með minnst 14 (fjórtán) daga fyrirvara, en aukafundi með minnst 7 (sjö) daga fyrirvara. Fundarefnis skal getið í fundarboði.

Hluthafafundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður og hann sækja hluthafar eða löglegir umboðsmenn þeirra sem hafa yfir að ráða helmingi hlutafjár í félaginu að minnsta kosti. Verði fundur ólögmætur vegna annmarka að þessu leyti, skal boða til nýs fundar innan mánaðar með 7 (sjö) daga fyrirvara og verður sá fundur lögmætur til að ræða þau mál sem ræða átti á fyrri fundinum, ef hann sækja hluthafar eða umboðsmenn þeirra, sem ráði yfir 10% hlutafjár í félaginu hið minnsta.

14 grein

Hluthafar geta með skriflegu umboði veitt umboðsmönnum heimild til þess að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn.

Á hluthafafundi ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé mælt fyrir í lögum eða samþykktum þessum. Samþykki allra hluthafa þarf til þess:

- Að skylda hluthafa til þess að leggja fram fé til félagsþarfa fram yfir skuldbindingar sínar.
- Að takmarka heimild manna til meðferðar á hlutum sínum.
- Að breyta tilgangi félagsins að verulegu leyti.
- Að breyta ákvæðum samþykktanna um hlutdeild manna í félaginu eða jafnrétti milli þeirra, hvort sem er innan hlutaflokka eða milli hlutaflokka félagsins.

Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins eða um sameiningu þess við önnur félög eða fyrirtæki

the meeting, in which case the extraordinary shareholders' meeting shall be called in a verifiable manner within 14 (fourteen) days. In case the Board of Directors fails to call a meeting following the receipt of such a request, the assistance of appropriate authorities may be sought according to law.

13 Article

The Company's Board of Directors shall call shareholders meetings by a notice to each shareholder in a registered letter, telegram, e-mail or in another equally verifiable manner. An Annual General Meeting shall be called at a minimum advance notice of 14 (fourteen) days, but Extraordinary Meetings with a minimum advance notice of 7 (seven) days. The agenda shall be mentioned in the call to a meeting.

A shareholders meeting is lawful if it is lawfully convened and there are present shareholders or their representatives controlling at least half the share capital in the Company. In case a meeting becomes unlawful due to shortcomings in this respect, a new meeting shall be called within a month at 7 (seven) days advance notice and that meeting will be lawful to debate the issues which were to be discussed at the former meeting if it is attended by shareholders or their representatives, provided that they control a minimum 10% of the share capital in the Company.

14 Article

Shareholders may by means of a written proxy grant a third party authority to attend shareholders' meetings on their behalf and exercise their voting rights.

The simple majority of votes will decide issues at shareholders' meetings unless alternative instructions are provided by law or these Articles of Association. The approval of all shareholders is required for the following purposes:

- To obligate shareholders to contribute funds for the Company needs in excess of their commitments.
- To limit the authority of shareholders in the handling of their shares.
- To amend the object of the Company to a considerable extent.
- To amend the provisions of the Articles of Association regarding shareholders' holdings in

má ekki taka til meðferðar á fundum þess, nema þess hafi verið getið í fundarboði.

15 grein

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Stjórn félagsins skýrir frá rekstri félags og hag þess á liðnu starfsári.
2. Ársreikningur, efnahagsreikningur og rekstrarreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skulu lagðir fram, ásamt athugasemdum endurskoðanda, ef einhverjar eru, til samþykktar.
3. Kjör stjórnar félagsins.
4. Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
5. Tekin skal ákvörðun um hvernig skal fara með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.
6. Ákvörðun skal tekin um greiðslur til stjórnarmanna og endurskoðanda á starfsárinu.
7. Starfskjarastefna félagsins.
8. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru borin upp.

16 grein

Fundargerðarbók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á hluthafafundum.

STJÓRN FÉLAGSINS

17 grein

Stjórn félagsins skal skipuð þremur mönnum og tveimur til vara, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn.

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja aðila. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda félagið. Stjórnarfundir eru

the Company or the equality among shareholders, both within in class of shares and between the classes of shares.

Proposals to amend the provisions of the Articles of Association of the Company or for its merging with other Companies may not be taken for consideration at meetings unless it has been mentioned in the call to the meeting.

15 Article

The following matters shall be taken for consideration at an Annual General Meeting:

1. The Company's Board of Directors shall report on the Company's operations and its financial status during the past year.
2. The Company's Financial Statements, balance sheet and income statement for the preceding financial year along with comments by the Company's auditors, if any, shall be submitted for approval.
3. The Company's Board of Directors shall be elected.
4. The Company's certified auditor or an auditing firm shall be elected.
5. A decision shall be made as to the handling of profit or loss and about dividend and contributions to reserve fund.
6. A decision shall be made concerning payments to members of the Board of Directors and the auditor for their work during the year of operations.
7. The Company's remunerations policy.
8. Debates and voting of other matters, lawfully tabled.

16 Article

A Record of Minutes shall be kept and there in entered what occurs at shareholders' meetings.

BOARD OF DIRECTORS

17 Article

The Board of Directors of the Company shall consist of three directors and two alternate directors, elected at the Annual General Meeting for a term of one year at a time.

The Company's Board of Directors shall have ultimate authority in company dealings between shareholders' meetings and will safeguard its

lögmætir ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum. Halda skal fundargerð um stjórnarfund.

18 grein

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Formaður boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á framkvæmdastjóri.

Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

Einungis stjórn félagsins getur veitt prókúruumboð fyrir félagið. Stjórnin skal setja undirskriftarreglur fyrir starfsmenn félagsins að fenginni tillögu framkvæmdastjóra, þar sem fjallað skal um heimildir starfsmanna til að skuldbinda félagið.

19 grein

Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans.

Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða daglegan rekstur þess. Framkvæmdastjóri sér um reikningshald og ráðningu starfslíðs. Framkvæmdastjóri tekur ákvarðanir um heimildir einstakra starfsmanna til að skuldbinda félagið í samræmi við reglur sem stjórn félagsins setur samkvæmt grein 18.

Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðanda allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

REIKNINGAR OG ENDURSKOÐUN

20 grein

Á aðalfundi skal kjósa endurskoðunarfélag eða löggiltan endurskoðanda. Endurskoðendur skulu endurskoða reikninga félagsins fyrir hvert starfsár og leggja niðurstöður sínar fyrir aðalfund. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.

interests vis-a-vis third parties. The signatures of the majority of the Board of Directors are binding for the Company. Board Meetings are lawful if attended by a majority of the Board of Directors. Decisions shall be taken by majority vote. If votes fall even the vote of the Chairman will be the deciding vote. Minutes of Board Meetings shall be recorded.

18 Article

The Board of Directors shall allocate tasks among themselves. Any member of the Board of Directors may request a Board Meeting. The Chief Executive Officer has the same right.

The Board of Directors shall establish its own rules of procedure regarding further details of the performance of its duties.

Only the Board of Directors may grant Power of Procurement of the Company. The Board of Directors, acting on a proposal from the Company's Chief Executive Officer, shall adopt Rules on Signatures which shall set out employees' authority to oblige the Company.

19 Article

The Company's Board of Directors engages a Chief Executive Officer and determines his terms.

The Chief Executive Officer undertakes the management of the Company's daily operations and represents the Company in all matters which pertain to ordinary operations. The Chief Executive Officer arranges for accounting and the engagement of personnel. The Chief Executive Officer takes decisions on the authority of individual employees to oblige the Company in accordance with rules set by the Board of Directors, cf. Article 18.

The Chief Executive Officer shall grant Directors and Auditor all information they may request concerning the operation of the Company which has to be granted according to law.

ACCOUNTING AND AUDITING

20 Article

At the Company's Annual General Meeting an auditing firm or a certified auditor shall be elected. Auditors shall audit the Company's accounts for each year of operation and submit their conclusions to the Annual General Meeting.

Auditors may not be elected from the group of the Company's Directors or personnel.

21 grein

Starfsár og reikningsár er almanaksárið. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreiknings og lagt fyrir endurskoðanda eigi síðar en mánuði fyrir aðalfund.

21 Article

The operational and fiscal year is the calendar year. The Board of Directors shall have completed the annual financial statements and submitted these to the Auditor no later than a month before the Annual General Meeting.

ÝMIS ÁKVÆÐI

MISCELLANEOUS

22 grein

Að öðru leyti en kveðið er á um í samþykktum þessum, þá fylgja engin sérréttindi hlutum í félaginu. Með þeim undantekningum sem greinir í samþykktum þessum þurfa hluthafar ekki að sæta innlausn hluta sinna nema lög standi til annars.

22 Article

Otherwise than stated in these Articles of Association, no special rights are attached to any shares in the Company. With the exceptions listed in these Articles of Association, the shareholders shall not be subject to redemption of their shares unless otherwise laid down by law.

23 grein

Samþykktum þessum má breyta á lögmætum aðalfundi eða aukafundi með 2/3 hlutum greiddra atkvæða, svo og með samþykki hluthafa sem ráða yfir að minnsta kosti 2/3 hlutum af því hlutafé í félaginu sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið í samþykktum eða landslögum.

23 Article

These Articles of Association may be amended at a lawful Annual General Meeting or an Extraordinary Meeting with 2/3 of the votes cast as well as with approval of shareholders controlling 2/3 of the share capital in the Company represented by votes at the meeting, provided that an alternative number of votes be not stipulated in the Articles of Association or by law.

24 grein

Með tillögur um slit og skipti á félaginu skal fara sem breytingar á samþykktum þessum. Þarf atkvæði hluthafa sem ráða minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins til að ákvörðun um slit sé gild. Hluthafafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og greiðslu skulda.

24 Article

A proposal for the dissolution and administration of the Company shall be proceeded with in the same manner as amendments to these Articles of Association. The votes of shareholder's controlling a minimum of two-third of the Company's total share capital are required in order that a decision of dissolution be valid. A shareholders' meeting having made a lawful decision about dissolution or administration of the Company shall also decide upon the disposal of assets and the settlement of liabilities.

25 grein

Þar sem ákvæði samþykkt þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið, skal hlíta ákvæðum laga um hlutafélög, laga um fjármálafyrirtæki og öðrum lagaákvæðum þar sem við á.

25 Article

Where the provisions of these Articles of Association do not stipulate the mode of proceedings the provisions of the Act on Private Limited Companies, the Act on Financial Undertakings and other applicable laws shall be abided by.

Þannig samþykkt þann 12. maí 2009, með breytingum hluthafafundar þann 12. maí 2011, 26. október 2011, 1. febrúar 2013, 27. mars 2014, 24. mars 2015, 29 febrúar 2016 og 23. mars 2016 og ákvörðun stjórnar þann 15. september 2011, 8. desember 2015, 23. mars 2016, 31. ágúst 2020 og 24. september 2020.

Thus adopted on 12 May 2009, with amendments made at shareholders' meetings on 12 May 2011, 26 October 2011, 1 February 2013, 27 March 2014, 24 March 2015, 29 February 2016 and 23 March 2016 and Board of Directors' decisions on 15 September 2011, 8 December 2015, 23 March 2016, 31 August 2020 and 24 September 2020.

A handwritten signature in purple ink, consisting of stylized, overlapping loops and a trailing flourish.

